

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 272/1996.

Ákærvaldið(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Hermanni Gunnarssyni**

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Vinnuslys. Vinnuvernd. Öryggisbúnaður. Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari og ákærði skutu málinu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi með stefnu 15. júlí 1996. Ákærði krefst sýknu.

Ákærvaldið krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans verði þvingd.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, slasaðist Ágúst Ingi Sigurðsson, starfsmaður Ingvars og Gylfa ehf., við vinnu sína 15. september 1995. Vann hann þá við spónsög, en á henni er þvinga, sem leggst þétt að efni því, sem unnið er við, og heldur því föstu. Lenti þumalfingerur hægri handar Ágústs á milli með þeim afleiðingum, sem lýst er í héraðsdómi.

Við meðferð málsins var frá því skýrt, að vélin hefði verið notuð hjá fyrirtækinu í tæp 30 ár. Fyrstu árin hefði hún verið handknúin, en stjórnbúnaði verið breytt árið 1972 og í staðinn komið fyrir fótstigi því, sem lýst er í héraðsdómi, og vélin loftknúin. Ekki nýtur gagna í málinu um það, hvernig að þessari breytingu var staðið eða hvort hún var gerð í samráði við framleiðanda vélarinnar. Hefur ákærði borið fyrir dómi, að hinn breytti stjórnbúnaður hafi verið samþykktur af Öryggiseftirliti ríkisins á sínum tíma. Hann hefur jafnframt borið, að vélin hafi verið í nær stöðugri notkun og aldrei fyrir hlotist slys við hana. Var búnaður þessi óbreyttur þar til eftir áður nefnt slys, er komið var fyrir hlíf yfir rofanum á stjórnbúnaðinum.

Vinnueftirlit ríkisins hefur nokkrum sinnum kannað öryggi og aðbúnað hjá fyrirtækinu, eftir að áður nefnd breyting var gerð á stjórnbúnaði vélarinnar. Hafa fjórar eftirlitsskýrslur stofnunarinnar frá árunum 1987-1991 verið lagðar fram í málinu. Eru þar gerðar at-
hugasemdir og ábendingar um sitthvað, sem til betri vegar þurfi að færa. Í hinni síðustu, 28. maí 1991, kemur fram, að gerðar hafi verið úrbætur samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Í engri þessara skýrslna er vikið að stjórnbúnaði við áður nefnda spónsög.

II.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms óskaði ákærvaldið með bréfi 10. september 1996 eftir umsögn Vinnueftirlits ríkisins „um efni máls þessa, þ. á m. um þá hlíf, sem um ræðir í málinu, og þýðingu hennar við starfrækslu vélarinnar“. Bréf þetta og ýtarlegt svarbréf 14. október 1996 hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Er bréf Vinnueftirlits ríkisins undirritað af forstjóra stofnunarinnar og deildarstjóra, sem við hana starfar, og felur í sér álit á málinu.

Af hálfu ákærða hefur ekki gefist kostur á að leita skýringa fyrir dómi um efni þessarar álitsgerðar frá þeim, sem rita undir hana. Í ljósi meginreglu 2. ml. 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður af þessum sökum við úrlausn málsins ekki litið til efnis bréfsins um annað en það, sem kann að horfa ákærða til hagsbóta í málinu.

Í álitsgerðinni segir meðal annars:

„Eftirlitsmaður vinnueftirlitsins, sem skoðaði fyrirtækið árin 1990 og 1991, minnst þess að hafa rætt við forsvarsmenn þess um að setja hlíf yfir rofann, en þeir talið hana verða til trafala og torvelda vinnu við vélna. Þar sem eftirlitsmaðurinn taldi litlar líkur á, að stigið væri í ógáti ofan á fótstigið vegna þess, hve það er hátt og venjulega haft undir söginni, setti hann ekki fram formlega aðfinnslu vegna þessa. Það verða að teljast mistök.“

Af hálfu ákærða er haldið fram, að í tilvitnuðum orðum felist viðurkenning stofnunarinnar á því, að þá hafi ekki þótt ástæða til að setja hlíf á stjórnbúnaðinn. Sú afstaða hafi sýnilega verið mótuð að athuguðu máli. Ekki sé því unnt að áfella sig fyrir að hafa ekki aðhafst í þessu efni. Engu geti breytt, þótt Vinnueftirlit ríkisins hafi eftir slysið talið rétt, að slík hlíf yrði sett á.

III.

Í nefndri álitsgerð Vinnueftirlits ríkisins segir einnig meðal annars:

„Hlífin yfir fótstigið er ætluð til þess að hindra óviljandi snertingu, sem gæti valdið ótímabærri gangsetningu, t. d., ef eitthvað félli á það, það rækist í eitthvað eða eitthvað rækist í það. Við það skapast klemmuhætta, þegar þvingan þrýstist á pressuborðið. Hlífin yfir rofann kemur þó ekki í veg fyrir klemmuhættu, ef stigið er óvart á það og jafnframt ekki gætt fingranna, eins og virðist hafa komið fyrir við þetta slys samkvæmt lögregluskýrslu, sem tekin var af hinum slasaða.“

Enn fremur segir þar:

„Í umsögn Guðbrands Árnasonar, starfsmanns Reykjavíkur-umdæmis vinnueftirlitsins, um slysið, segir hann, að orsök slyssins sé sú, að hlíf vantaði yfir fótstigið. Samkvæmt lögregluskýrslu, sem tekin var af hinum slasaða, er hins vegar ljóst, að um þetta verður ekki fullyrt. Þvert á móti kemur þar fram, að vélin hafi verið notuð á þessum vinnustað með þeim hætti, að starfsmenn hafi verið tilbúnir með fótinn á fótstiginu yfir rofanum, samtímis því sem unnið var með höndunum undir pressunni. Slík vinnubrögð telur vinnueftirlit tæplega samræmast ákvæðum laga nr. 46/1980 . . .“

Þá er því lýst í álitsgerðinni, að fótstigið sé frábrugðið flestum öðrum slíkum að því leyti, að herra sé upp á fótstigshnappinn og því minni hætta á, að stigið sé ofan á hann í ógáti.

Í framburði hins slasaða fyrir dómi kom fram, að hann hefði þrýst á fótstigið „í augnabliks-gáleysi“. Menn hafi unnið við vélina þannig, að þeir láti fótinn gjarnan hvíla á fótstiginu og stigi svo á það eftir þörfum. Hann kvaðst telja hlífina, sem sett hefur verið yfir fótstigið, vera frekar til trafala. Í framburði annars starfsmanns kom fram, að er hann vann við vélina, hefði hann ekki stigið á fótstigið, fyrr en klemma átti spóninn, áður en hann skyldi sagaður. Ekki liggur fyrir, að ákærði hafi gefið fyrirmæli um verklag að þessu leyti.

IV.

Af hálfu ákæruvaldsins er hér fyrir dómi vísað til þess, að hinum slasaða hafi ekki verið gefinn kostur á að hvíla fótinn á hlíf yfir rof-

anum og á því beri ákærði ábyrgð. Með því að hafa ekki hlíf á fótstiginu hafi skapast þau vinnubrögð að hvíla fótinn á fótstiginu sjálfu milli þess, sem stigið var á það. Megi telja víst, að með slíkri hlíf hefði hinum hættulegu vinnubrögðum ekki verið beitt og slysi þannig afstýrt. Er jafnframt haldið fram, að skylt hafi verið að hafa slíka hlíf á stjórnbúnaði tækisins samkvæmt þeim ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla, sem vísað er til í ákæru.

V.

Í 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 492/1987 er kveðið á um, að stjórnbúnaður véla skuli vera þannig gerður og staðsettur, að hann geti ekki verkað vegna óviljandi snertingar, sem geti haft í för með sér slyshættu. Í 13. gr. laga nr. 46/1980 segir, að atvinnurekandi skuli tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis á vinnustað.

Stjórnbúnaður trésmíðavélarinnar er þannig gerður og honum fyrir komið, að lítil hætta er á, að menn geti rekist í hann óviljandi, þótt gengið sé að vélinni. Gildir þá einu, hvort hlíf er yfir rofanum eða ekki. Gerist það engu að síður, á slysi ekki að hljótast af, en aðstæðum er lýst svo, að þvingan á vélinni liggja niðri, þegar hún er ekki í notkun. Verður ekki séð, að hætta sé á, að annar slasist en sá, sem starfar við vélina og gætir ekki fingra sinna, er hann þrýstir á fótstigsrofann.

Fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins eftir slysið um hlíf á stjórnbúnaðinn kunna þrátt fyrir framangreint að geta aukið almennt á öryggi vélarinnar í einhverjum tilvikum. Á hinn bóginn hefur ekki verið skotið viðhlítandi stöðum undir það, að slík hlíf hefði nokkru breytt í því tilviki, sem hér um ræðir. Hinn slasaði hafði starfað lengi við trésmíðar og gjörþekkti þá vél, sem í málinu ræðir. Er á það fallist með ákærða, að slysið hafi hlotist af gáleysi starfsmannsins sjálfs. Eins og aðstæður voru hér og rakið hefur verið í I.-III. kafla að framan, eru ekki nægilegar ástæður til að virða ákærða það til gáleysis í refsímáli að sjá ekki um að búa vélina hlíf. Verður hann því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Samkvæmt þessu verður allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði, Hermann Gunnarsson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Guðna Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 2. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 233/1996: Ákæruvaldið gegn Hermann Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. febrúar sl., á hendur ákærða, Hermann Gunnarssyni, Klyfjaseli 4, Reykjavík, kt. 280753-2119, „fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og brot á reglum um öryggi á vinnustöðum með því að hafa sem framkvæmdastjóri og verkstjóri fyrirtækisins Ingvars og Gylfa hf. á trésmíðaverkstæði fyrirtækisins að Grensásvegi 3, Reykjavík, haft og látið starfsmenn fyrirtækisins vinna við spónsög af gerðinni SCHEER með lausfæranlegu fótstigi, sem stjórnaði vélinni, án þess að fótstigið væri þannig útbúið, að það gæti ekki verkað vegna óviljandi snertingar, sem varð til þess, að starfsmaður fyrirtækisins, Ágúst Ingi Sigurðsson, kt. 131239-4599, steig óvart á fótstigið, er hann var að vinna við vélina fyrir hádegi 15. september 1995. Við þetta klemmdist þumalfingur hægri handar Ágústs Inga í vélinni með þeim afleiðingum, að hann hlaut mikið mar á fjærkjúku fingursins með blæðingu undir nögl og mikla verki, ásamt kurlbroti í fjærkjúkunni með sprungu, sem gekk inn í liðamótin.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 13. gr., og 1. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum, og 2. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 32. gr. reglna um öryggisbúnað véla nr. 492/1987, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 46/1980.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Fyrir liggur, að 15. september sl. var starfsmaður ákærða, Ágúst Ingi Sig-

urðsson, kt. 131239-4599, að vinna við spónsög í trésmiðju fyrirtækisins. Var hann að hagræða efni í söginni og steig þá í ógáti á fótstig það, sem um ræðir, og klemmdi á sér fingur, eins og lýst er í ákæru. Sög þessi hefur verið á verkstæði fyrirtækisins í tæp 30 ár og í núverandi horfi frá því árið 1972, að því er talið er. Hefur Öryggis- eða Vinnueftirlit ríkisins ekki fundið að þeim búnaði, sem hér skiptir máli, fyrr en eftir slysið. Dómarinn hefur skoðað og reynt fótstigið á spónsöginni. Er hér um að ræða færanlegan og allþungan málmkubb, á að giska 15 cm á hæð, með stórum hnappi ofan á. Kubburinn er tengdur vélinni með rafmagnskapli. Er stigið á hnappinn til þess að ræsa lóðréttu klemmu eða þvingu, sem heldur föstu efninu, sem saga á. Hvíla má fótinn á kubbum og yfir hnappinum á milli þess, sem stigið er á hnappinn. Hefur nú verið sett hlíf yfir kubbin samkvæmt fyrirsögn vinnueftirlitsins. Dómarinn telur, að slys það, sem Ágúst Ingi varð fyrir, hafi ekki beinlínis orðið af því, að fótstigið gæti verkað vegna óviljandi snertingar, heldur hafi þar verið um að kenna ógáti Ágústs Inga sjálfs, sem ákærði gat ekki varist. Ber því þegar að sýkna hann af ákæru fyrir líkamsmeiðingar og brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft, að án hlífarinnar gat fótstigið verkað vegna óviljandi snertingar, svo sem ef eitthvað eða einhver hefði fallið á það eða þá rekist í það, ef það hefði af vangá legið á hliðinni. Verður þannig talið, að ekki hafi að þessu leyti alveg verið gætt ýtrustu öryggiskröfu um frágang fótstigsins. Ber ákærði refsíábyrgð á þessum vanbúnaði og telst hafa brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæru greinir. Leysir það ákærða ekki undan refsíábyrgð, þótt yfirvöld hafi ekki fundið að búnaðinum áður.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 35.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða 20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og verjanda sínum, Brynjólfi Eyvindssyni hdl., 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Úr ríkissjóði greiðist verjanda 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hermann Gunnarsson, greiði 35.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði 20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og verj-

anda sínum, Brynjólfi Eyvindssyni hdl., 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Úr ríkissjóði greiðist verjanda 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.
